

Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtíamavistun fyrir fatlað fólk hjá félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

Markmið og markhópur

1. gr.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með síðari breytingum þá skulu foreldrar “eiga kost á skammtíamavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur”. “Þjónustunni er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir, sem búa í heimahúsum, skulu einnig eiga kost á skammtíamavistun með það markmið að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita hinum fötluðu tilbreytingu eða til undirbúnings flutnings úr foreldrahúsum”.

Í skammtíamavistun skal veitt umönnun og gæsla og þjálfun þar sem það á við.

2. gr.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs útvegar þjónustuna á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands vegna málefna fatlaðs fólks og samnings Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps um félags- og barnaverndarþjónusut og um sameiginlega félagsmála- og barnaverndarnefnd. Allir íbúar á þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Skipulag þjónustu

3. gr.

Skammtíamavistun getur verið tvenns konar:

1. Reglubundin dvöl.
2. Dvöl samkvæmt ósk og ákvörðun hverju sinni til að létta álagi af fjölskyldum, m.a. vegna óvæntra áfalla í fjölskyldum (bráðavistun).

Við skipulag og aðra áætlanagerð skal þess gætt að hafa svigrúm til að mæta óvæntum umsóknum þ.e. umsóknum um svokallaða bráðavistun. Ástæður bráðavistunar geta verið t.d. veikindi, andlát eða önnur erfið tímabil hjá fjölskyldunni. Ferðalög og önnur leyfi fjölskyldu sem hægt er að skipuleggja með fyrirvara er ekki litið á sem bráðavistun. Slík tilvik skal reynt að leysa ef hægt er innan skipulags skammtíamavistunar án aukningar mannafla.

Afgreiðsla umsókna

4. gr.

Umsóknir um skammtímvistun fyrir fatlað fólk berist félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs á eyðublöðum sem þar fást. Matshópur skipaður af verkefnastjóra Búsetu og félagsmálastjóra metur umsóknir um skammtímvistun og ákvarðar um veitingu þjónustu í samræmi við verklag sem félagsmálanefnd samþykkir.

Leita skal umsagnar hjá þjónustuhópi um málefni fatlaðs fólks áður en mál eru afgreidd, ef þörf er á.

Félagsmálastjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun til félagsmálanefndar til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Áfrýjun

5. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun félagsþjónustunnar til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

6. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Gildistími

7. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2011

Samþykkt í félagsmálanefnd 10. janúar 2011

Samþykkt af sveitarstjórnnum Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps í janúar og febrúar 2011.